

Fiskeldisfréttir

Ábyrgðarmaður: Valdimar Ingi Gunnarsson

1. ÁRGANGUR 3. TÖLUBLAÐ

JUNÍ 2012

Logo styrktar-
aðila

Logo styrktar-
aðila

FJARÐANET



Sjávarútvegsþjónustan



Fiskeldismaðurinn Vignir Stefánsson vinnur öll störf með bros á vör.


Nýtt ævintýri?

Nýtt laxeldisævintýri, þriðja laxeldisævintýrið, af hverju tekst nú að byggja upp laxeldi í sjókvíum spyrja margir. Það eru skiptar skoðanir um það hvort Íslendingar geti orðið samkeppnishæfir í laxeldi. Hér verður ekki lagt mat á það, eða færð rök fyrir því að laxeldi á Íslandi geti orðið samkeppnishæft. Á það er þó bent að sumt hefur breyst, þ.m.t. sjávarhiti.

Jaðarsvæði verða áhugaverðari

Umtalsverarðar breytingar hafa hafa átt sér stað á síðustu tveimur áratugum og hefur sjávarhiti hækkað u.þ.b. eina gráðu í íslenskum fjörðum skv. mælingum Hafrannsóknastofnunar. Jaðarsvæði eins og Ísland eru því að verða áhugaverðari valkostur til laxeldis. Sama þróun er erlendis, á syðstu svæðum

Laxeldi í sjókvíum og hækkandi sjávarhiti



Þróun á ársmeðaltali sjávarhita í Eyjafirði árin 1990-2009. Byggt á sjávarhitamælingum Hafrannsóknastofnunarinnar við Hjalteyri og við eldiskvíar Brims fiskeldis ehf.

er orðið of heitt fyrir laxinn og eldið færir norðar á nyðri jaðarsvæðin.

Hvað er framundan?

Í skýrslu vísindanefndar um áhrif loftslagbreytinga hér á landi kemur fram að hlýna muni um rúmlega 0,2 gráður á áratug fram undir miðja öldina. Þá muni hlýnunin nema 1°C en óvissumörk eru ±1,1°C. Þrátt fyrir að óvissumörkin séu

álíka mikil og hlýnunin, eru þó taldar yfirgnæfandi líkur á hlýnun. Líklegast er að hlýna muni mest að vetrarlagi en minnst á sumrin. Þessi munur nemur að jafnaði um helmingi af hlýnuninni. Jafnframt er líklegt að kuldaköstum að vetri fækki en hitabylgjum að sumri fjölgi.

Efnisyfirlit

Laxeldi í sjókvíum og hækkandi sjávarhiti	1
Aðalfundur Landssambands fiskeldisstöðva	2
Kynning á vefsíðum fiskeldisfyrirtækja	3
Ársskýrsla Keldna	3
Ný reglugerð um fiskeldi	3
Sjávarhiti á eldissvæðum þorskeldisfyrirtækja	4

Slóð: www.hafro.is/~argos/siritar/siritar.html

Á döfinni

Sjávarútvegsráðstefnan 8.-9. nóvember 2012

Aðalfundur Landssambands fiskeldisstöðva

Aðalfundur og heimsóknir

Aðalfundur Landssamband fiskeldisstöðva var haldinn í Heklu-setrinu við Leirubakka, miðvikudaginn 23. maí s.l. Að aðalfundi loknum var farið í skoðunarferð til Íslenskra marorku á Fellsmúla og Galtarlæk og einnig var Ísþór í Þorlákshöfn heimsóttur.

Loksins kona í stjórn

Ánægjulegt er að í fyrsta skipti í sögu félagsins var kona kjörin í stjórn félagsins. Sjöfn Sigurgísladóttir var boðin velkomin í stjórnina við þetta tækifæri.

Fréttaf lutningur um fiskeldi

Nokkuð var rætt um fréttaf lutninginn undanfarið. Fram kom í máli fundarmanna að félagið þyrfti að fræða fólk um ágæti fiskeldis og bregðast hratt við neikvæðum fréttaf lutningi. Nokkrum hugmyndum í því sambandi var vísað til stjórnar.

Slóð: <http://www.lfh.is>

Ímynd greinarinnar

Rætt um ímynd greinarinnar og nauðsyn þess að kynna íslensk matvæli almennt. Það er mikilvægt fyrir alla matvælaframleiðendur á Íslandi að koma á framfæri sýn á matvælalandið Ísland, segja söguna um hvernig staðið er að framleiðslu matvæla hér á landi og leggja áherslu á styrkleika okkar.

Stefna Landssamband fiskeldisstöðva

Að vinna í samræmi við sjálfbæra þróun sem stendur á þremur meginstöðum en þær eru: hagrænar-, félagslegar- og umhverfislegar grunnstöðir. Aðeins þegar tekið er tillit til allra þessara þriggja grunnstöða næst fram sjálfbær þróun og farsæll rekstur.



Stjórn Landssambands fiskeldisstöðva og varastjórn ásamt framkvæmdastjóra. Aftari röð frá vinstri: Guðbergur Rúnarsson, framkvæmdarstjóri, Jónas Jónasson, Kristján G. Jóakimsson og Jón Kjartan Jónsson, formaður. Fremri röð frá vinstri: Jóhann Geirsson, Hlífur Karlsson og Sjöfn Sigurgísladóttir. Á myndina vantar Benedikt Kristjánsson og Höskuld Steinarsson.



Sveinbjörn Oddsson á milli eigenda Íslenskrar matorku, Stefaníu Karlsdóttir og Sjöfn Sigurgísladóttir.



Fiskeldismenn sem skoðuðu aðstöðu Íslenskrar matorku á Galtarlæk að loknum aðalfundi Landssambands fiskeldisstöðva.

Ahliða þjónusta við fiskeldisfyrirtæki

Þvottastöð
Fiskeldispokar
Kastnætur
Fuglanet

Strandgötu 1 Neskaupstað Sími: 4700 800 Fax: 4700 801

FJARÐA NET

Neskaupstaður / Fjáskrúðsfjörður / Akureyri / Ísafjörður

www.fjardanet.is

fjardanet@fjardanet.is

Fjardanet er aðili að Hampidjan Group

Ný reglugerð um fiskeldi

Reglugerðin var gefin út í vor og nær til eldis vatnafiska og nytjastofna sjávar á íslensku forráðasvæði. Ákvæði reglugerðarinnar gilda fyrir rekstur allra fiskeldisstöðva með eldi og um ræktun lagarlífvera. Reglugerðin nær ekki yfir geymslu á villtum lagardýrum sem eru án fódunar, m.a. kræklingarækt.

Fjarlægarmörk

Lágmarksfjarlægð á milli sjókvíeldisstöðva samkvæmt meginviðmiði skal vera 5 km miðað við útmörk hvers eldissvæðis sem

rekstrarleyfishafa hefur verið úthlutað. Fiskistofa getur að höfðu samráði við Matvælastofnun og Hafrannsóknastofnun að fenginni umsögn sveitarstjórnar heimilað styttri eða lengri fjarlægðir milli eldisstöðva. Þegar eldi og slátrun hvernar kynslóðar lýkur skulu eldissvæði hvíld í a.m.k. 90 daga.

Önnur ákvæði

Í reglugerðinni eru tekin fyrir mörg önnur ákvæði, s.s. rekstrarleyfi, merkingar, hönnunarforsendur, eftirlit, flutning á fiski, slyasleppingar, umhirðu á fiski svo nokkuð sé nefnt.

Slóð: <http://stiornartidindi.is/Advert.aspx?ID=cf3dd820-bbbf-4a85-9855-b05c0c275fcc>

Ársskýrsla Keldna

Nýlega var gefin út ársskýrsla Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræðum að Keldum sem hægt er að sækja á vef stofnunarinnar. Þrátt fyrir takmarkað fjármagn er stundað öflugt rannsóknastarf ásamt þjónusturannsóknnum. Helstu rannsóknarverkefni eru eftirfarandi:

- Rannsóknir á *Gyrodactylus* sníkjudýrum á villtum þorski og eldisþorski beggja vegna Norður-Atlantshafsins.
- Rannsóknir á sníkjusveppnum *Loma morhua* í þorski við Ísland og Kanada
- Tengsl sníkjudýra og hýsla í vistkerfum norðurhjarans: Athuganir byggðar á afráni sjó- og strandfugla á kræklingi
- Tilraunasýking með


Gyrodactylus sníkjuflatorma á þorskseiðum



bráðasvari í þorski


- Rannsókn á sameindalíffræði og lífvirkni *AsaP1* úteiturs *Aeromonas salmonicida*
- SALCOD: Áhrif seltu á vaxtarhraða, fódurnýtingu og líffræði þorsks
- Seytiferli af gerð VI hjá *Moritella viscosa* og sýkingarhæfni
- Sýkingarmáttur *Moritella viscosa*, sýkiþættir í seyti
- Þáttur pentraxína í þroskun þorsklirfa: Hugsanlegir heilsuvísar
- Þróun á fódurbóluefni fyrir fisk.

Slóð: www.keldur.hi.is/arsskyrslur




Arctic fish er með eldi á regnbogasilungi. Þeir eru með seiðaelði í Tálknafirði og matfiskeldið er í sjókvíum í Dýrafirði. Arctic fish flytur inn árlega augnhrogn frá kynbótastöð í Danmörku. Fyrirtækið er með vinnslu á regnbogasilungi á Flateyri.

Slóð: www.arcticfish.is



Ísbór er með seiðaelði í Þorlákshöfn, en sömu aðilar eiga þá stöð og Fjarðarlax. Nú í júní hefur á vegum fyrirtækisins verð flutt laxa-seiði til Vestfjarða og Færeyja.

Slóð: <http://isthor.is>



Vefsíða Fjarðarlax á ensku sem notuð er til að kynna starfsemi fyrirtækisins.

Slóð: www.arcticsalmon.is

Sjávarhitamælingar á eldissvæðum þorskeldisfyrirtækja

Þorskeldiskvótaverkefni Hafrannsóknastofnunarinnar

Þorskeldiskvótaverkefni Hafrannsóknastofnunarinnar hefur verið starfrækt allt frá árinu 2002. Í þessari skýrslu er gefið yfirlit yfir niðurstöður sjávarhitamælinga fyrir árin 2002-2010 sem m.a. byggist á gagnaöflun 10 þorskeldisfyrirtækja. Skýrslan byggir á sjávarhitagögnum sem safnað var í ellefu fjörðum.

Niðurstöður sjávarhitamælinga

Töluverður munur var á daggráðum milli svæða á árunum 2005-2010 og voru þær að meðaltali 2.050 á Vestfjörðum (Tálknafjörður, Skutulsfjörður og Álftafjörður), 2.090 í Eyjafirði og 1.585 á Austfjörðum (Norðfjörður og Stöðvarfjörður). Ársmeðaltal sjávarhita árin 2005-2009 var 5,6°C (5,2-5,9°C) á Vestfjörðum en aðeins 4,4°C (3,9-4,8°C) á Austfjörðum.

Samanburður á milli svæða

Í samanburði á mánaðarmeðaltölum sjávarhita á Vestfjörðum (Tálknafjörður), Norðurlandi (Eyjafjörður) og Austfjörðum (Stöðvarfirði) kemur fram að mestu sveiflur í sjávarhita voru í Tálknafirði. Yfir vetrarmánuðina var sjávarhiti lægstur í Tálknafirði og hæstur í Eyjafirði. Um sumarið var sjávarhiti hæstur í Tálknafirði en lægstur í Stöðvarfirði.

Hækkandi sjávarhiti

Línuleg aðhvarfsgreining gefur til kynna að frá árinu 1990 hafi sjór við Æðey að jafnaði hitað á hverjum áratug um 0,35°C, 0,63°C í Eyjafirði og 0,51°C í Stöðvarfirði. Töluvert lægri upphitun í Æðey má e.t.v. skýra með því að fáar mælingar voru gerðar á tíunda áratugnum og inn í seríuna vantar tvö mjög köld ár (1993, 1995). Ef tekið er tillit til þessa er líklegt að sjávarhiti á Vest-


fjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum hafi hækkað að jafnaði um u.þ.b. 1°C á síðustu tveimur áratugum.

Sjávarhiti eftir dýpi

Yfir vetrarmánuðina (nóv.-mars) var hita-
munur tiltölulega lítill eftir dýpi eða minna en 0,25°C kaldara á 5 metra dýpi undir sjávaryfirborði en á meira dýpi. Um sumarið (júní-júlí) var aftur á móti 0,4-3,2°C heitara við sjávaryfirborð og jókst munurinn með auknu dýpi. Dægursveiflur í sjávarhita í efstu fimm metrum voru oft á bilinu 1-2°C og stundum allt upp í 4°C.

Hámarks og lágmarks sjávarhiti


Mikill munur var á hámarks-
sjávarhita á milli fjarða á árunum 2005-2010. Í Tálknafirði og Eyjafirði var algengt að hæsta sjávarhitastig væri 13-14°C, en hæst mældist sjávarhiti í Eyjafirði 15,6°C. Aftur á móti var hámarkssjávarhiti í Álftafirði oftast um 12°C og mun lægri í Stöðvarfirði eða 8-9°C. Á Vestfjörðum (Tálknafirði og



Meðalsjávarhiti á 5 metra dýpi eftir mánuðum í Tálknafirði (2005-2010), Eyjafirði (2005, 2006, 2008, 2009) og Stöðvarfirði (2005-2010).

Álftafirði) mældist lágmarks-
sjávarhiti að jafnaði 0,65°C (0,1-1,1°C) á árunum 2005-2010. Aftur á móti fór lágmarkssjávarhiti í Stöðvarfirði aldrei undir 1,3°C.

Lægsti sjávarhiti sem mældist á vegum fyrirtækja í þorskeldiskvótaverkefninu var -0,6°C á 16 metra dýpi í Álftafirði árið 2002 og -0,5°C á 5 metra dýpi í Patreksfirði árið 2005. Hér er um að ræða hærri sjávarhita en mældur var seinni hluta síðustu aldar.



Meðaltals daggráður á 5 metra dýpi í Tálknafirði (2005-2009), Skutulsfirði (2006-2010), Álftafirði (2005-2009), Eyjafirði (2005, 2006, 2008, 2009), Norðfirði (2005-2007) og Stöðvarfirði (2005-2009).